

Nd.

391. Nefndarálit

um frv. til laga um skattfrelsi fyrir h/f. Eimskipafjelag Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið á eitt mál sátt um þetta frv. Meiri hluti nefndarinnar vill mæla með frv. með nokkrum breytingum, en minni hlutinn vill fella það. Meiri hlutinn lítur svo á, að þegar tekið er tillit til fjárhagsörðugleika fjelagsins nú og þegar þess er gætt, að ráðgert er að undanþiggja fjelagið sköttum til rikissjóðs, þá virðist ástæða til að minsta kosti að takmarka einnig gjöld þess til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Hinsvegar getur meiri hlutinn eftir atvikum fallist á, að fjelagið sje ekki með öllu undanþegið gjaldi til bæjarsjóðsins.

Þá þykir meiri hluta nefndarinnar rjett að taka það fram, að hann telur tæplega fært að breyta með lögum útsvari fjelagsins, sem þegar er búið að leggja á það fyrir yfirstandandi ár.

Meiri hluti nefndarinnar vill því ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignar-skatti árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

II. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Árin 1925 til 1928, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. april ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

III. Fyrirsögnin verður:

Frumvarp til laga um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

Alþingi, 14. april 1924.

Jón Kjartansson, Bernh. Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson.
form. frsm.